

Nd.

490. Frumvarp til laga

[255. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 10 22. mars 1974, um skattkerfisbreytingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Önnur mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Viðurlög skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. 4% viðurlög af þeirri upphæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir eindaga, þó ekki hærri en 20%.
2. Viðurlög til viðbótar af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð frá og með 16. degi næsta mánaðar eftir eindaga, er séu hin sömu og dráttarvextir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 25. apríl 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæði söluskattslaga um viðurlög var síðast breytt með lögum nr. 10/1974. Viðurlög voru þá ákveðin svo sem hér segir:

1. 2% viðurlög af þeirri upphæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir eindaga, þó ekki hærri en 10%.
2. 1½% viðurlög til viðbótar af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá og með 16. degi næsta mánaðar eftir eindaga.

Dráttarvextir innlánsstofnana voru 1½% af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð þegar ofangreind ákvæði voru lögfest. Nú eru vextir þessir 3% og eru því vanskil á söluskatti orðin langóðyrasti máti söluskattsskylds aðila til að verða sér úti um rekstrarfé.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 10/1960 um söluskatt skyldu 10% viðurlög leggjast á strax að eindaga loknum. Með lögum nr. 10/1974 voru þessi viðurlög gerð léttari fyrstu dagana eftir eindaga þannig að 2% bættust við á degi hverjum þar til 10% var náð. Að dómi flestra er við innheimtu söluskatts starfa var þetta nýmæli til bóta.

Sú breyting er almennt hefur orðið á vaxtakjörum í þjóðfélaginu hefur gert núgildandi viðurlagaákvæði úrelt. Sú hefur ætíð verið stefna löggjafans að tryggja fljót og góð skil söluskatts og fela breytingar þær sem nú er lagt til að gerðar verði á viðurlagaákvæðum söluskattslaganna aðeins í sér hlutfallslega sömu hækkun og orðið hefur á vöxtum í landinu frá því núgildandi lög voru samþykkt.